

Fundargerð umhverfisnefndar

15. mars 2019 kl. 13:00

Mætt: Marteinn Bóas, Alexander, Ronja, Einar Ási, Tómas, Stefanía, Freyja, Helena og Þórdís sem ritar fundargerð.

1. Helena segir frá niðurstöðum í rafmagnssparnaðarátaki sem var í febrúar. Niðurstöðurnar eru þær að það var ekki sparnaður, heldur var meiri rafmagnsnotkun en var í viðmiðunarvikunum. Helsti útskýringarþátturinn er veðrið, mjög kalt var seinnipartinn í janúar og eykur það mjög á rafmagnskostnað. Umræður um ljósanotkun í skólanum, oft kveikt á ljósum þar sem enginn er, sjálfvirka ljósaskynjara þarf að laga og passa að þeir séu rétt stilltir. Umræða um að taka aftur rafmagnsmælingu í maí þegar hitabreytingar eiga ekki að hafa eins mikil áhrif.
2. Umhverfisdagurinn er 25. apríl í skólanum. Hefð er fyrir því að fá utanaðkomandi aðila með einhverskonar fyrirlestur eða kynningu á umhverfisráðstefnu sem haldin er í skólanum. Ákveðið að hafa samband við Sævar Helga (stjörnu Sævar) og athuga hvort hann hafi tök á að vera með innlegg á ráðstefnunni. Vangaveltur um hvað við getum gert betur í umhverfismálum í skólanum.
3. Vorið nálgast og þá eykst útinámið. Vangaveltur um hvaða fyrirkomulag sé best varðandi útinámið. Sumir vilja að það sé á hverjum degi, aðrir þegar veðrið er gott. Umhverfisnefndin leggur til að skólastjóri beiti sér fyrir því að allir námshópar fari a.m.k. einu sinni í viku í útinám vor og haust.
4. Nefndin beðin um að byrja að hugsa hvað hægt er að gera á Survivor daginn sem er í maí.
5. Helena segir frá því að verkefni Greta Turnberg og hvernig það er búið að smita nemendur um allan heiminn. Hvetur nemendur til að horfa á þættina á RUV sem heita *Hvað höfum við gert* og fjalla um umhverfismál á Íslandi.
6. Fundi slitið 13:40

Þórdís